

# 41. stjórnarfundur Bergrisans bs.

23. maí 2022

Fundur hófst kl: 14:00 í ráðhúsi Árborgar

**Mætt:** Gísli H. Halldórsson formaður og Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans. Einnig mættu fyrir þjónustusvæðin Melkorka Jónsdóttir velferðasviði Árnespings, Heiða Ösp Kristjánsdóttir frá velferðarsviði Árborgar og Svava Davíðsdóttir frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð. Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður boðar forföll. Gestir fundarins voru Ellý A. Þorsteinsdóttir ráðgjafi frá EAP slf. og Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögmaður.

## Dagskrá

### Almenn erindi

#### 1. Kynning á verkefni um gæðaúttekt á starfssvæði Bergrisans

Ellý Þorsteinsdóttir ráðgjafi kynnir umgjörð og stöðu á innra eftirliti og gæðaúttekt sem er í vinnslu á starfssvæði Bergrisans bs. Stjórn Bergrisans bs þakkar Ellýju fyrir góðar upplýsingar. Verður niðurstaða úttektarinnar kynnt fyrir aðildarsveitarfélögum þegar öllum úttektum er lokið en gera má ráð fyrir að sú kynning fari fram á aðalfundi Bergrisans í október nk.

#### 2. Umsókn um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna úrbóta í aðgengismálum fatlaðs fólks

Stjórn Bergrisans bs samþykkir breytta umsókn frá Hrunamannahreppi um bætt aðgengi í aðgengismálum fatlaðs fólks dags. 16.05.2022 að upphæð 1.159.326 kr. Samhliða fellur niður áður úthlutuðu framlagi samkvæmt umsókn sveitarfélagsins dags. 23.11.2021.

#### 3. Kynning á stöðu samningaviðræðna við Sólheima og Skaftholt

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður kynnir stöðu samningaviðræðna við sjálfstæðu rekstraraðilana. Samningar við Sólheima og Skaftholt eru í gildi til 31. desember 2022. Eru samningaviðræður í undirbúningi.

#### 4. Kynning á stöðu samnings við Klettabæ

Heiða Ösp fer fyrir stöðu samningaviðræðna við Klettabæ varðandi möguleika á hagræðingu í þjónustu. Mögulegt er að ráðast í nokkra hagræðingu og munu Klettabær og Bergrisinn uppfæra áætlanir sínar í kjölfar þeirra viðræðna.

## Fundargerðir

### 5. Fundargerð Matsnefndar um nýjan íbúðakjarna

Tvær tillögur bárust um nýjan íbúðarkjarna. Niðurstaða matsnefndar var að fara í samningaviðræður við Mineral ehf fyrir hönd Arnardrangs hses.

Fundargerð að öðru leyti kynnt.

Fundi slitið kl. 16:08